

Uppbygging ritgerða

Rannveig Sverrisdóttir

rannsve@hi.is



Ritver Hugvísindasviðs

- Ritver Hugvísindasviðs veitir nemendum á öllum sviðum aðstoð við stórar og smáar ritsmíðir (stuttar og langar ritgerðir, námskeiðsverkefni, skýrslur, lokaverkefni o.s.frv.).
- Allir nemendur Háskóla Íslands geta pantað viðtalsfund sér að kostnaðarlausu.
- Ritverjar veita aðstoð við efnisafmörkun, rannsóknarspurningu, uppbyggingu mál og stíl, heimildamat, heimildatilvísanir, frágang, útlit og fleira
- Ritverið er á 2. hæð í Þjóðarbókhöfuð
- Nánari upplýsingar á <http://ritverhug.hi.is/> og á Facebook-síðu ritversins

Uppbygging ritgerða

- Ritgerðir geta verið stórar eða smáar en uppbygging þeirra er alltaf mjög svipuð.
- Kröfur um snið og stíl ritgerða geta verið ólíkar eftir sviðum en ákveðin grundvallaratriði gilda um allar ritgerðir.
- Markmiðið er að skrifa góða og hnitmiðaða ritgerð.
- Gott að henda reiður á ákveðnum grundvallaratriðum.

Efnisval

- Fyrsta skrefið er að velja sér efni.
- Að ýmsu skal huga:
 - eðli og lengd ritgerðar
 - kunnáttu og áhugamálum höfundar
 - stöðu þekkingar
 - möguleikum til heimildaöflunar
 - aðferðafræði
 - kröfum sem gerðar eru til höfundarins (metnaður er góður en ofmetnaður óþarfi)

Staða þekkingar

- Gott að kanna, til dæmis á leitir.is, hve mikið hefur verið skrifað um efnið.
- Þeim mun minna sem hefur verið skrifað um tiltekið efni, þeim mun meira reynir á sjálfstæða hugsun höfundarins.
- Ágætar hugmyndir geta reynst ómögulegar þegar á reynir ef heimildir eru litlar sem engar.

Kröfur til nema á grunnstigi

- Sú krafa er ekki gerð til nemenda á grunnstigi að þeir skrifi ritgerðir sem birta nýjar hugmyndir eða kenningar.
- Ritgerðir nemenda eru því oft endursagnir á hugmyndum annarra.
- Hins vegar þurfa nemendur að sýna að þeir geti unnið úr efninu á skipulegan hátt og greint aðalatriði frá aukaatriðum.
- Í lokaritgerðum er þó algengt að nemendur afli nýrra, óbirtra gagna (t.d. úr spurningakönnun eða viðtölum).

Heimildavinna

- Í fræðilegri ritgerð verður höfundur að nýta sér allskyns heimildir.
- Sum ritgerðarefni krefjast mikillar heimildavinnu, jafnvel vinnu úr frumheimildum.
- Önnur krefjast minni heimildavinnu (t.d. skrif um nýútkomnar skáldsögur).
- Oft fer ekki minni tími í undirbúning ritsmíðar en skrifin sjálf. Afmörkun er því nauðsynleg svo hægt sé að vinna markvisst úr heimildum

Efnisafmörkun

- Í upphafi er algengt að viðfangsefni ritgerðar sé skilgreint nokkuð vítt.
- Á seinni stigum þarf hins vegar oft að afmarka efnið betur.
- Verkefni sem byrjar sem *Nafnorðabeyging í barnamáli* gæti því hæglega endað sem *Fleirtala nafnorða í barnamáli*.

Of víð efnisafmörkun

- Það er algengur galli á ritgerðum nemenda að efnið sé of vítt og umfjöllun því bæði ómarkviss og yfirborðskennd.
- Það má ekki vera tilviljanakennt hvað er tekið með og hverju er sleppt því að ritgerð verður að mynda eina heild.
- Það er betra að kafa djúpt í afmarkað efni en fara hratt yfir stórt svið því að það er líkleggra til að skila áhugaverðum niðurstöðum.

Rannsóknarspurning

- Besta leiðin við að afmarka ritgerðarefni er að setja fram rannsóknarspurningu (eða jafnvel rannsóknarspurningar).
- Ritgerðin snýst þá um að svara spurningunni og færa rök fyrir svarinu.
- Öllu sem ekki snertir spurninguna er þá einfaldlega sleppt.

Fræðileg nálgun

- Með því að vinna út frá rannsóknarspurningu nálgast höfundur viðfangsefnið á fræðilegan hátt.
- Það er hins vegar algengt að nemendur velji sér ritgerðarefni út frá persónulegum tengslum við efnið.
- Þessu fylgir sú hættu að efnistökin verði of persónuleg og rannsóknarspurningin gleymist.

Beinagrind

- Þegar efni hefur verið afmarkað veljum við aðalatriði og setjum upp beinagrind.
- Með beinagrindum leggjum við drög að kaflaskiptingu.
- Góð beinagrind er nauðsynleg öllum ritgerðum
 - Hvað er mikilvægt og hverju má sleppa?
 - Hvernig verða kaflarnir uppbyggðir og hvar þarf undirkafla?
 - Beinagrindin auðveldar flæði
 - Út frá beinagrindinni semjum við uppkast

Bygging

- Einstakir kaflar verða að tengjast innbyrðis svo að ritgerðin myndi eina órofa heild.
- Fræðilegur kafli í upphafi ritgerðar þarf að tengjast þeim köflum sem á eftir koma.
- Sá sem er til dæmis að skrifa um fleirtölu nafnorða í barnamáli verður því að gæta þess að almennar hugmyndir um máltöku (í fræðilegum kafla) séu notaðar til að varpa ljósi á það hvernig börn læra fleirtöluna (í seinni köflum).

Einingar í ritgerð

- Til að ritgerð sé skýr og skipuleg þarf að brjóta hana niður í hæfilega stórar einingar, þ.e. kafla, undirkafla og efnisgreinar.
- Efnisgrein getur verið margar málsgreinar og afmarkast formlega af greinaskilum.
- Hver efnisgrein þarf að mynda ákveðna heild og vera hæfilega löng.

Einingar í ritgerð

- Það er eðlilegt að efnisgreinar séu 5–15 línur og þar með 2–5 á hverri síðu.
- Séu efnisgreinar fleiri er hætt á því að ritgerðin verði brotakennd en of fáar efnisgreinar gera texta erfiðan aflestrar.
- Ef góð tenging er á milli efnisgreina verður gott flæði í ritgerðinni.
- Höldum okkur við efnið og vöðum ekki úr einu í annað.

Dæmi

Andersson telur líklegra að í eyðunni hafi að mestu leyti verið eitt langt Sigurðarkvæði. Hann bendir á að þessi þrjú tilgátukvæði Heuslers séu efnislega svo nátengd að þau geti vel myndað eitt langt kvæði líkt og á við um Atlamál. Einnig er hann þeirrar skoðunar að líklegra sé að kverið hafi verið tekið úr handritinu til uppskriftar ef innihald þess var að mestu eitt, þýðingarmikið kvæði.

Tilgáta Andersson styrkist jafnframt þegar litið er til þess að í Konungsbókar-handritinu segir í lok Guðrúnarkviðu: „Þá lagði hon sik sverði til bana svá sem segir í Sigurðar *kviðu inni skömmu“ og við tekur kvæði sem hefur í handriti titilinn „Kviða Sigurðar“. Það er þó býsna langt kvæði, 71 vísa, en vegna þess að í Guðrúnarkviðu er vísað til þess kvæðis sem „ins skamma“ getur verið að annað enn lengra kvæði um Sigurð hafi þekkt (Vésteinn Ólason 2001:xxv-xxvi).

Þrískipting ritgerða

- Fræðilegar ritgerðir skiptast yfirleitt í inngang, meginmál og lokaorð.
- Inngangur og lokaorð eiga þó aðeins að vera lítill hluti ritgerðarinnar.
- Í löngum ritgerðum er líka nauðsynlegt að hafa efnisyfirlit til að lesandinn (og jafnvel höfundurinn) fái yfirsýn yfir efnið.

Inngangur

- Í inngangi á að vera almenn kynning á efninu.
- Líka gott að þar sé yfirlit yfir efni einstakra kafla og jafnvel undirkafla.
- Rannsóknarspurning eða spurningar er sett fram í inngangi.
- Helstu niðurstöður eiga að koma fram í inngangi (þ.e. svarið við rannsóknarspurningunni).
- Fræðileg ritgerð er ekki glæpasaga, við þurfum ekki að koma á óvart.

Lokaorð

- Í lokaorðum á að draga saman í stuttu máli helstu niðurstöður verksins.
- Þar má líka benda á óleyst vandamál eða frekari rannsóknir sem þarft væri að gera.
- Þar á hins vegar ekki að koma með ný dæmi eða nýjar hugmyndir.

Meginmál

- Aðalefni ritgerðarinnar.
- Mjög mikilvægt að rökstyðja allar þær skoðanir eða hugmyndir sem þar koma fram.
- Órökstuddar skoðanir eða hugmyndir eru einskis virði í fræðilegri umræðu
- Rökstuðningur getur t.d. verið fólgin í heimildatilvitnun, röksemdafærslu eða dæmum.

Notið dæmi

- Það er mjög gott að nota dæmi í námsritgerðum til að lesandi eigi auðveldara með að skilja höfund.
- Skortur á dæmum getur vakið grunsemdir um að höfundurinn skilji ekki alveg hvað hann er að skrifa um.
- Það er líka algengt að höfundurinn þekki dæmin vel en gleymi því að lesandinn gerir það ekki.

Lesandi og markhópur

- Gott að hafa í huga ímyndaðan lesanda sem þarf að skilja það sem stendur í ritgerðinni.
- Í námsritgerðum er eðlilegt að markhópurinn sé aðrir nemendur (t.d. í sama námskeiði) fremur en kennari.
- Lesendur hafa ekki endilega sömu þekkingu, reynslu og skoðanir og höfundur.
- Þess vegna getur þurft að útskýra ýmislegt fyrir lesandanum og þá reynir á hversu vel höfundur skilur það sem hann er að segja.

Snið og stíll

- Málsnið er n.k. búningur málsins sem mótast af aðstæðum, tilgangi, vettvangi og miðlinum.
- Verulegur munur er á dæmigerðu málsniði ritmáls og talmáls.
- Málsnið á ritgerðum og fræðigreinum á að vera formlegt og vandað.
- Málsnið og stíll eru skyld hugtök en stíll er frekar einstaklingsbundinn eða bundinn bókmenntategundum.

Hjálpargögn

- Höskuldur Þráinsson. 2015. *Skrifaðu bæði skýrt og rétt: fræðileg skrif, ritrýni og ritstjórn*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Gísli Skúlason. 1999. *Hagnýtt skrif: kennslubók í ritun*. Mál og menning, Reykjavík.
- Heimasíða Eiríks Rögnvaldssonar, prófessors í íslenskri málfræði við HÍ:

<http://uni.hi.is/eirikur/kennsla/kennsluefni/>

einkum það sem kallast „Ritgerðasmíð“

Leiðbeiningar og upplýsingar á vef

- Góðar upplýsingar og leiðbeiningar á síðum ritveranna um margt sem viðkemur ritgerðarskrifum:
 - Hugvísindasvið <http://ritverhug.hi.is/>
 - Menntavísindasvið <http://ritver.hi.is/>
 - Bæklingur um fræðileg skrif:
http://ritver.hi.is/sites/ritver.hi.is/files/iyp_fraedlileg_skrif_2016.pdf